

## **Fundargerð DKG fundar NU deildar í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þann 11. október 2018**

Tekið var á móti systurum á kennarastofu bóknámshúss Fjölbrautaskólans. Þar var fundur settur kl. 19:00 þegar kveikt var á kertunum þremur af Jenný formanni. Að því loknu var haldið í leiðsöguferð um bóknámshúsið þar sem systur úr Fjölbrautaskólanum, Guðbjörg E., Guðbjörg B., Sara og Þorgerður, kynntu vinnustaðinn sinn fyrir gestum. Meðan á göngutúrnum stóð var sagt frá því helsta sem er á döfinni í skólanum um þessar mundir.

Það var svo endað að nýju inni á kennarastofunni. Þar fóru gestgjafarnir með orð til umhugsunar. Að þessu sinni voru þau í formi ljóðalesturs, en lesin voru 4 ljóð sem öll voru samin af skáldum með tengsl í Skagafjörð.

Að því loknu var boðið til súpu og meðlætis. Yfir matnum fóru fram léttar umræður, var m.a. rætt um inntöku nýrra félaga og að best væri að bjóða þeim konum sem samþykktar voru á óvissufundi til fundar á Hvammstanga í nóvembermánuði. Sammælst var um að best væri að bjóða þeim að koma á 2-3 fundi til að þær kynntust starfinu sem fram fer og gætu tekið upplýsta ákvörðun um framhaldið. Einnig var rætt um hvort það væri eitthvað kynningarefni sem hægt væri að láta væntanlegar systur fá eða hvort að hver og ein ætti að kynna félagsskapinn með sínu nefi. Ákveðið var að Jenný myndi spyrjast fyrir hjá Eygló, hvort eitthvað kynningarefni væri til. Viðraður var áhugi systra á að fá að kynnast FabLab smiðju skólans betur og kom upp hugmynd að því að fara á kynningu/námskeið um það við tækifæri. Rætt um möguleg þemu fyrir næsta vetur og systur beðnar að leggja höfuðið í bleyti og íhuga hvað gæti verið áhugavert að vinna að þegar að vinnustaðaheimsóknum lýkur.

Fundi var slitið kl. 21:00.

Fundargerð ritaði Guðbjörg Einarsdóttir.